

Mánudaginn 5. júní 1972.

Nr. 2/1972. **Vinumálasamband samvinnufélaganna
vegna Sambands íslenzkra samvinnufélaga,
skipadeild**

(Hafsteinn Baldvinsson hrl.)

gegn

Stýrimannafélagi Íslands

(Jón Þorsteinsson hdl.).

Dómarar:

Hákon Guðmundsson, Gunnlaugur E. Briem, Einar Arnalds,

Árni Guðjónsson og Guðmundur Vignir Jónsson.

Kjarasamningur talinn hafa stofnast. Verkfall dæmt
ólögmætt.

Dómur.

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu, dags. 26. maí sl., af Vinnumálasambandi samvinnufélaganna vegna Sambands íslenzkra samvinnufélaga, skipadeild, gegn Stýrimannafélagi Íslands.

Stefnandi gerir þessar dómkröfur:

1. að dæmt verði, að kjarasamningur, sem undirritaður var af aðiljum máls þessa 11. apríl 1972, sé gildur kjarasamningur milli sömu aðilja,
2. að dæmt verði, að verkfall það, sem hófst 25. maí 1972 af hálfu Stýrimannafélags Íslands, en frestað var 29. s. m., verði dæmt ólögmætt,
3. að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda málskostnað eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Stefndi er félagsaðili í Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, en sambandið hefur synjað þess að vera í fyrirsvari fyrir stefnda í máli þessu, og fer því um málshöfðun eftir ákvæðum 2. málsg. 45. gr. laga nr. 80/1938.

I.

Tildrög málsins og málavextir eru þessir:

Á næst liðnu hausti sögðu stéttarfélög yfirmanna innan

Farmanna- og fiskimannasambands Íslands upp kjarasamningum sínum við skipafélög innan Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasamband samvinnufélaganna. Var hér um 4 stéttarfélög að tefla, þ. e. Stýrimannafélag Íslands, Vélstjórafélag Íslands, Félag íslenzkra loftskemtamanna og Félag bryta. Þessi félög höfðu með sér samstarf um að móta sameiginlegar kröfur, en auk þess settu stýrimenn og vélstjórar fram nokkrar sérkröfur. Gerðu fulltrúar stéttarfélaganna skriflegt samkomulag um starfshætti hinnar sameiginlegu samninganefndar, er annast skyldi samningagerð við fulltrúa skipafélaganna. Var í samkomulagi þessu ítarlega kveðið á um ýmisleg atriði, er vörðuðu samstöðu félaganna, og m. a. mælt fyrir um sameiginlega atkvæðagreiðslu um væntanlega samninga. Skyldu úrslit atkvæðagreiðslunnar vera bindandi fyrir öll félögin, og sameiginlegt verkfall boðað, ef samningar yrðu felldir við atkvæðagreiðslu.

Samningafundur milli fulltrúa stéttarfélaganna og fulltrúa skipafélaganna hófust hinn 26. janúar sl. Var samningaumleitunum þvínæst haldið áfram unz samningar voru undirritaðir hinn 11. apríl sl. Samningsgerð þessi fór fram án milligöngu sáttasemjara ríkisins, en allir aðiljar undirrituðu samningana með fyrirvara, en í honum fólst það, að fulltrúar þeir, er með samninga fóru bæði fyrir stéttarfélögin og skipafélögin, mundu leita staðfestingar á samningunum hjá þeim aðiljum, sem þeir fóru með samningsgerð fyrir.

Samkvæmt því, sem fram er komið í málinu, samþykkti og staðfesti framkvæmdastjórn Vinnuveitendasambands Íslands kjarasamningana hinn 18. apríl sl. vegna þeirra félagsmanna sinna, er þar áttu hlut að máli. Framkvæmdastjóri skipadeildar Sambands ísl. samvinnufélaga, Hjörtur Hjartar, segist hafa haft fullt umboð til að undirrita samningana án nokkurs fyrirvara, en hann hafi talið varlegra að bera þá undir formann Vinnumálasambands samvinnufélaganna, áður en hann notaði umboð sitt til fulls. Það hafi hann gert rétt eftir undirritun, og því hafi verið lýst yfir af hálfu sambandsins, að samningarnir hefðu verið staðfestir.

Þess er áður getið, að stéttarfélög þau, er að þessum samningum stóðu, hefðu þann 26. janúar sl. gert samkomulag um

sameiginlega atkvæðagreiðslu. En 10. apríl sl. komu formenn þeirra saman, og var um þann fund gerð svofelld bókun:

„Mánudaginn 10. apríl 1972.

Kl. 1510 var fundur form. þeirra félaga, sem saman hafa staðið í samningum.

Með samningi 26. 1. 1972 var gert ráð fyrir sameiginlegum fundum og sameiginlegri atkvæðagreiðslu.

Eftir tilmælum stýrimf. Íslands verður ekki haldin sameiginleg atkvæðagreiðsla.

Atkvæðagreiðsla fer fram í hverju félagi“.

Samkvæmt þessari ákvörðun tók hvert félag fyrir sig afstöðu til samninganna. Féllu atkvæði í hverju félagi svo sem hér segir:

1. Vélstjórafélag Íslands.

Atkvæði greiddu 69 — já sögðu 45 — nei 24.

2. Félag ísl. loftskammtamanna.

atkvæði greiddu 14 — já sögðu 10 — nei 3 — 1 ógilt.

3. Stýrimannafélag Íslands.

Atkvæði greiddu 48 — já sögðu 19 — nei 29.

Stjórn og trúnaðarmannaráð Félags bryta hafði fullt umboð til þess að ganga frá samningum og samþykkti þá fyrir sitt leyti. Kom því ekki til atkvæðagreiðslu í því félagi.

Vélstjórafélag Íslands og Félag ísl. loftskammtamanna greiddu atkvæði um kjarasamningana strax eftir undirritun þeirra, en á aðalfundi Stýrimannafélags Íslands, sem haldinn var 12. apríl sl., var ákveðið að almenn atkvæðagreiðsla um kjarasamninginn skyldi standa yfir til 21. apríl. Urðu úrslit hennar þau, sem að framan er rakið. Mun framkvæmdastjóri Farmanna- og fiskimannasambandsins, Ingólfur Stefánsson, hafa tilkynnt Björgvini Sigurðssyni, framkvæmdastjóra Vinnuveitendasambands Íslands, þessi úrslit hinn 22. apríl sl., en Hjörtur Hjartar framkvæmdastjóri skipadeildar segir, að fulltrúi sinn við samningana, Óskar Einarsson, hafi skýrt sér frá þessu skömmu eftir að atkvæðagreiðslu lauk. Í framhaldi af þessu kom svo til meðferðar sú sérstaða Stýrimannafélags Íslands, að það taldi sig ekki bundið við kjarasamninginn, sem undirritaður var 11. apríl. Reyndu aðiljar eftir samkomulagsleiðum að leysa þann vanda, sem þarna var upp kominn. Sú

viðleitni bar þó ekki árangur. Kom málið í hendur sáttasemjara ríkisins, og hinn 17. maí sl. boðaði stýrimannafélagið verkfall, er koma skyldi til framkvæmda á miðnætti 25. maí sl. Vildi stefndi ekki verða við þeim tilmælum skipafélaganna, að verkfallinu yrði frestað og að leitað yrði úrskurðar Félagsdóms um það, hvort samningarnir frá 11. apríl hefðu orðið bindandi kjarasamningar milli málsaðilja. Kom verkfallið því til framkvæmda á boðuðum tíma.

Hinn 26. maí sl. höfðaði stefnandi mál þetta til viðurkenningar á því, að verkfallið væri ólöglegt, og að stofnast hefði milli aðilja gildur kjarasamningur hinn 11. apríl sl. Hinn 29. maí sl. tókst hins vegar samkomulag um það, að verkfallinu yrði, með nánar tilgreindum skilmálum af hálfu stefnda, frestað til mánudagsins 5. júní 1972, meðan Félagsdómur fjallaði um málið.

II.

Í munnlegum flutningi málsins, sem fram fór 1. þ. m., setti stefnandi fram þær dómkröfur, sem að framan greinir. Byggir hann þær í höfuðdráttum á þeim grundvelli, að á fyrsta samningafundinum 26. janúar sl. hafi viðsemjendur sínir, þ. e. fulltrúar farmanna, lýst því yfir, sérstaklega aðspurðir, þegar rætt var um fyrirkomulag samningaviðræðna og afstöðu einstakra samningsaðilja, að farmenn stæðu að öllu leyti saman um kjarakröfur sínar, að sameiginleg nefnd þeirra ynni að samningum og að sameiginleg atkvæðagreiðsla yrði af hálfu farmannafélaganna um væntanlega kjarasamninga við skipafélagin. Kveður stefnandi, að hér hafi verið um veigamikla forsendu að ræða af sinni hálfu og annarra skipafélaga. Hér sé um að ræða mörg stéttarfélög, þar sem hvert einstakt þeirra geti stöðvað siglingar skipanna, og því mjög þýðingarmikið atriði, hvort samstaða þeirra sé slík við kjarasamningsgerð, að hægt sé að miða við ákvarðanir af þeirra hálfu, sem teknar séu sameiginlega. Og þar sem stefnandi og aðrir fulltrúar atvinnurekenda við samningsgerðina hafi verið í þeirri trú, að þeir mættu byggja á sameiginlegri afstöðu við endanlega ákvörðun um niðurstöður samninga.

hafi þeir lagt sig fram um að ná því samkomulagi, sem gagn- aðiljarnir gætu sameiginlega fallizt á og samþykkt.

Þá hefur af stefnanda hálfu verið staðhæft, að fyrirsvarsmönnum hans hafi með öllu verið ókunnugt um þá ákvörðun formanna farmannafélaganna, sem þeir tóku 10. apríl, um breytta tilhögun atkvæðagreiðslunnar, sem áður er getið, fyrr en eftir að úrslit atkvæðagreiðslunnar í stýrimannafélaginu, sem lauk 21. apríl, urðu kunn. Hafi hann rétt í þann mund ákveðið, að laun og kjör allra stýrimanna sinna skyldu fara eftir kjarasamningi þeim, er undirritaður var 11. apríl, og hafi stýrimönnum skipadeildar S.Í.S verið tjáð þetta bréflaga.

Samkvæmt þessu heldur stefnandi því fram, að hann hafi haft réttmæta og gilda ástæðu til þess að byggja á því við undirskrift kjarasamninganna 11. apríl að gildi þeirra færi eftir heildarúrslitum atkvæðagreiðslna um kjarasamningana í stéttarfélögum þeim, er hlut áttu að máli. Heildarniðurstaða hafi svo orðið sú, að meiri hluti samanlagðra atkvæða hafi samþykkt samningana og þeir þar með hlotið fullt gildi. Telur hann, að ekki skipti máli í þessu sambandi, hvernig heimild fyrirsvarsmanna stýrimannafélagsins til að ganga undir skuldbindingu um sameiginlega atkvæðagreiðslu hinn 26. janúar sl. hafi verið háttað. Þá er því einnig ákveðið haldið fram af hálfu stefnanda, að hann hafi eigi, eftir að kunnugt varð um úrslit atkvæðagreiðslunnar í stýrimannafélaginu, á nokkurn hátt fyrir tómlætis sakir firrt sig rétti til að fylgja fram þeirri afstöðu sinni, að komnir væru á gildir kjarasamningar. Hins vegar hefði hann viljað gera sitt til þess að ágreiningur sá, sem upp kom um þýðingu atkvæðagreiðslunnar, yrði leystur á sem friðsamlegastan hátt.

Kröfu sína um ólögmæti verkfalls þess, er stefndi hóf 25. maí, en frestað var 29. sama mánaðar, byggir stefnandi á því, að nýr kjarasamningur hafi verið kominn á milli málsaðilja og því ólögmætt að ætla sér að knýja fram frekari kröfur með verkfalli.

Af hálfu stefnda hefur þessum skilningi stefnanda verið al-farið mótmælt. Heldur stefndi því fram, að samkomulagið, sem farmannafélagin gerðu 26. janúar sl., hafi aðeins verið

innbyrðis samningur milli þeirra um vinnubrögð og samstöðu í væntanlegri kjaradeilu, en ekki falið í sér neina skuldbindingu gagnvart vinnuveitendum, enda hafi þeir ekki fengið það í hendur fyrr en í byrjun maímánaðar, er deila sú um kjarasamningana, sem hér er til úrlausnar, hófst. Vera megi að vísu, að viðsemjendum farmanna kunni að hafa verið skýrt frá einhverjum atriðum úr þessu samkomulagi, en þá einungis í því eðlilega skyni að láta þá vita, hvaða vinnubrögð stéttarfélagin ætluðu að viðhafa í kaupdeilunni. Hins vegar hafi fulltrúum stéttarfélaganna ekki til hugar komið, að þetta samkomulag gæti ekki tekið breytingum án samþykkis vinnuveitenda eða væri á nokkurn hátt skuldbindandi gagnvart þeim. Samningaviðræðurnar hafi tekið langan tíma og þegar þær voru komnar á lokastig í byrjun aprílmánaðar hafi fyrirvarsmenn stýrimannafélagsins komið að þeirri niðurstöðu, að félaginu væri óheimilt samkvæmt 47. gr. félagslaga sinna að taka þátt í sameiginlegri atkvæðagreiðslu um samningana, svo sem um hafi verið samið í samkomulaginu frá 26. janúar, enda sé mjög vafasamt að stéttarfélagum sé að landslögum rétt að gera slíka samninga svo bindandi sé fyrir þau. Hafi þeir þá óskað eftir því við hin farmannafélagin, að fallið yrði frá sameiginlegri atkvæðagreiðslu og þau samþykkt það á formannafundi hinn 10. apríl. Hafi atvinnurekendur ekki átt neinn lögvarinn rétt til að koma í veg fyrir þá breytingu á samkomulaginu, né heldur hafi farmenn með þeirri breytingu á nokkurn hátt gengið á rétt viðsemjenda sinna, skipafélaganna. Kjarasamningarnir hafi því næst verið undirritaðir með fyrirvara daginn eftir, og stýrimannafélagið svo hafnað þeim við almenna atkvæðagreiðslu með 29 atkvæðum gegn 19. Eftir það hafi á ný verið teknar upp viðræður um samningana, og hafi það ekki verið fyrr en í þeirri lotu, að atvinnurekendum hafi hugkvæmzt, að samkomulag farmannafélaganna frá 26. janúar, sem þeir hafi ekki fengið í hendur fyrr en 10. maí sl., gæti verið tromp á þeirra hendi.

Samningar hafi hins vegar ekki tekizt og stefnda þá verið fullkomlega heimilt og rétt að efna til verkfalls, þar sem

enginn kjarasamningur hafi verið milli málsaðilja. Telur stefndi, að þessi atriði öll leiði til þess, að taka beri til greina sýknukröfu hans.

III.

Fyrir dóminn hafa komið nokkrir af þeim fulltrúum málsaðilja, sem sátu á samningafundum og unnu að samningsgerðinni. Verður nú rakið það sem fram kemur í skýrslum þeirra.

Björgvin Sigurðsson, framkvæmdastjóri Vinnuveitenda-sambands Íslands, sem sat fyrsta samningafundinn, er haldinn var 26. janúar sl., segir, að á þeim fundi hafi að venju fyrst verið rætt um form á samningaviðræðum og þá komið í ljós, að sameiginleg nefnd væri í fyrirsvari fyrir farmenn. Jafnframt hafi því verið lýst yfir af þeirra hálfu, að ekki væri hægt að semja sérstaklega við eitthvert einstakt félag, heldur yrðu samningar að ganga þannig til, að samið væri við öll farmannafélögin 4, er hlut áttu að máli, eða ekkert þeirra. Segir Björgvin, að það muni hafa verið Gísli Ólafsson, forstjóri Jökla h/f, sem þá spurði sérstaklega að því, hvernig yrði með atkvæðagreiðslur um væntanlega samninga og hafi hann fengið þau svör, að atkvæðagreiðslur ættu að fara fram sameiginlega í félögunum og talning ætti að vera sameiginleg. Minnr Björgvin, að það hafi verið þeir Ólafur Valur Sigurðsson, formaður stýrimannafélagsins, og Ingólfur Ingólfs-son, formaður vélstjórafélagsins, sem gáfu þessi svör, en þeir hafi fyrst og fremst haft orð fyrir fulltrúum farmanna á fundi þessum. Björgvin segir, að þetta atriði hafi ekki borið á góma á síðari samningafundum, en aldrei hafi frá þeim fundi verið á því neinn vafi í huga sér, að atkvæðagreiðslur yrðu sameiginlegar. Á þessum grundvelli hafi svo allar samningaviðræður farið fram, en það sé mjög þýðingarmikið fyrir útgerðarfélagin að geta samið við sem flesta starfshópa í einu og hafi þessi möguleiki mótað afstöðu þeirra við samningsgerðina, sem tekizt hafi án tilhlutunar sáttasemjara. Segir Björgvin, að við undirskrift kjarasamninganna 11. apríl hafi verið byggt á áður nefndri samstöðu farmannafélaganna um

atkvæðagreiðslu, og hafi hann ekki vitað um hina breyttu afstöðu stýrimannafélagsins fyrr en eftir að samningarnir höfðu verið undirritaðir.

Gísli Ólafsson, forstjóri Jökla h/f, kveðst hafa verið á þessum fyrsta samningafundi og þá spurt um það sérstaklega, með hvaða hætti atkvæðagreiðslur um væntanlega kjarasamninga færu fram, en ástæðan til þeirrar spurningar sinnar hafi verið sú, að hann hefði talið það mjög þýðingarmikið að fá vitneskju um það, hvort samið væri nú af hálfu farmannafélaganna fyrir allan hópinn sameiginlega. Segir Gísli, að Ingólfur Ingólfsson hafi svarað því, að atkvæðagreiðslan yrði sameiginleg fyrir öll félögin. Á síðari samningafundum hafi ekki verið minnt á þetta atriði, og hafi hann (Gísli) ekki vitað, þegar samningar voru undirritaðir 11. apríl, að breyting hefði orðið á afstöðu farmannafélaganna að því er varðaði atkvæðagreiðslur um samningana.

Valtýr Hákonarson, fulltrúi H/f Eimskipafélags Íslands, kveðst hafa verið á samningafundinum 26. janúar. Hafi fulltrúar atvinnurekenda þá m. a. spurt um það, hvort fulltrúar farmanna hefðu fullt umboð til samningsgerðar, en þeir gefið þau svör, að leggja þyrfti samningana fyrir félögin til samþykktar og hafi það verið þeir Ólafur Sigurðsson og Ingólfur Ingólfsson, er fyrir svörum stóðu og þá sagt, að félögin mundu fylgjast að í atkvæðagreiðslum. Hafi þessi afstaða verið höfð í huga við gerð allra kjarasamninganna við farmannafélögin 4, og það komið ljóslega fram, að þau mundu haldast í hendur og taka sameiginlega afstöðu til samninga, en ekki hafi verið um þetta rætt á síðari fundum. Valtýr kveðst ekki hafa fengið vitneskju um hina breyttu afstöðu Stýrimannafélags Íslands til sameiginlegrar atkvæðagreiðslu fyrr en eftir 21. apríl sl.

Fulltrúi skipadeildar S.I.S. á þessum fyrsta fundi, Óskar Einarsson, hefur ekki getað komið fyrir dóm við flutning máls þessa sökum ferðalaga. Hins vegar hefur forstjóri skipadeildarinnar, Hjörtur Hjartar, gefið skýrslu hér fyrir dómnum.

Hann skýrir svo frá, að hann hafi ekki verið á fyrsta samn-

Þingafundinum, en síðar hafi hann tekið þátt í svo til öllum fundum. Hins vegar hafi fulltrúi hans, Óskar Einarsson, verið í nánu sambandi við hann, og gefið sér skýrslur um það, sem gerðist og fengið fyrirmæli. Segir Hjörtur, að Óskar hafi m. a. eftir fyrsta samningafundinn skýrt sér frá því, að farmannasambandið kæmi fram fyrir hönd allra félaganna, er stæðu saman að samningum og úrvinnslu allri. Þetta hafi hann, Hjörtur, talið skipta meginmáli, að farmannafélagin stæðu saman í endanlegri lausn deilunnar, og hafi það mótað afstöðu hans til samningsgerðarinnar, sem hann fyrir sitt leyti hefði kappkostað að tækist án íhlutunar sáttasemjara ríkisins. Kveðst hann allan tímann, sem unnið var að samningum, hafa gengið út frá því, að atkvæði farmannafélaganna um samningana yrðu lögð saman og heildarniðurstaðan látin ráða úrslitum, þannig, að annað hvort tækjust samningar við öll félagin eða ekkert þeirra. Hann kveðst ekki, eins og áður er að vikið, hafa vitað um breytta afstöðu stýrimannafélagsins til atkvæðagreiðslu farmannafélaganna fyrr en eftir að lokið var atkvæðagreiðslu stýrimanna hinn 21. apríl sl.

Guðmundur Pétursson, formaður Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, sat fyrsta samningafundinn 26. janúar þ. á. Kveður hann, að á þessum fundi hafi verið lagðar fram kröfur félaganna. Var þar fyrst og fremst um að ræða sameiginlegar kröfur, sem tóku til allra félaganna og svo sérkröfur þeirra. Þessar kröfur hafi verið skýrðar fyrir fulltrúum útgerðarfélaganna. Hann minnst þess, að á þessum fundi hafi komið fram spurning — líklega frá Björgvin Sigurðssyni, — hvernig háttað yrði atkvæðagreiðslu að loknum samningum og hafi þá verið frá því skýrt, að samkomulag væri milli félaganna um sameiginlega atkvæðagreiðslu. Ekki minnst Guðmundur þess, að rétt hafi verið um atkvæðagreiðslu þessa á öðrum samningafundum, sem hann sat. Það hafi ekki verið fyrr en 10. apríl, daginn áður en samningarnir voru undirritaðir, að formaður Stýrimannafélags Íslands skýrir formönnum hinna félaganna frá því, að félag hans geti ekki fallið á að atkvæðagreiðslan verði sameiginleg, og borið því við, að lög stýrimannafélagsins bönnuðu það. Guðmundur

minnist þess ekki, að fulltrúum útgerðarmanna hafi verið skýrt frá þessari breyttu afstöðu formanna stéttarfélaganna áður en samningarnir voru undirritaðir 11. apríl.

Ingólfur Stefánsson, framkvæmdastjóri Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, var á fyrsta samningafundinum 26. janúar. Hann segir, að m. a. hafi verið um það rætt, hverjir væru aðiljar að væntanlegum samningaviðræðum og það komið fram, að það væri Farmanna- og fiskimannasambandið, sem leiddi samningana sameiginlega fyrir öll félögin. Hann man ekki, hvort samkomulag farmannafélaganna hafi verið rætt sérstaklega, enda hafi það verið undirritað síðar þenna sama dag. En andi umræðnanna hafi verið sá, að í lokin stæði einn fyrir alla, með sameiginlegri atkvæðagreiðslu.

Ingólfur Ingólfsson, formaður Vélstjórafélags Íslands, var á þessum fyrsta fundi. Segir hann, að bæði Björgvin Sigurðsson og Gísli Ólafsson hafi greinilega spurt um það, hvernig atkvæðagreiðslu um samningana yrði hagað og hafi Guðmundur Pétursson svarað því á þá lund, að atkvæðagreiðsla yrði sameiginleg og ef til vill muni fleiri hafa lagt þar orð til. Á síðari fundum hafi þetta hins vegar ekki borizt í tal og ekkert komið upp um þetta fyrr en á formannafundinum 10. apríl, er hið breytta viðhorf stýrimanna kom upp. Hann hyggur, að hin breytta afstaða til atkvæðagreiðslunnar muni hafa borizt í tal á undirskriftarfundinum, en getur ekki full- yrt neitt um það, þar sem þetta er óljóst í vitund hans.

Ólafur Valur Sigurðsson, formaður Stýrimannafélags Íslands, sem sat á umræddum fundi 26. janúar þ. á., segir, að fundurinn hafi byrjað með því, að lögð hafi verið fram gögn um kröfur farmannafélaganna og þær útskýrðar í stórum dráttum af sér og formanni vélstjórafélagsins. Hann neitar því algerlega að nokkur spurning hafi komið fram af hálfu fulltrúa skipafélaganna um atkvæðagreiðslu um væntanlega samninga og þeim því ekki af hálfu fulltrúa farmanna gefnar neinar upplýsingar um það efni, hvorki fyrr né síðar meðan á samningaviðræðum stóð.

Guðlaugur Gíslason, framkvæmdastjóri Stýrimannafélags Íslands og stjórnarnefndarmaður þess, kveðst ekki hafa verið á tveimur fyrstu samninganefndarfundunum. Hann segist

ekki hafa séð samkomulag farmannafélaganna frá 26. janúar fyrr en nokkuð var liðið á samningaviðræðurnar og man ekki eftir því, að það hafi borið á góma á samningafundum og þá ekki heldur þegar samningarnir voru undirritaðir 11. apríl. Hann segir og að Páll Finnsson hafi haldið dagbók um samningafundina. Hana hafi hann lesið og sé þar hvergi minnzt á umræður um sameiginlega atkvæðagreiðslu. Hann telur, að sú skoðun vinnuveitenda að kominn væri á bindandi samningur hafi þá fyrst komið fram, þegar hann afhenti Björgvin Sigurðssyni verkfallsboðunina hinn 17. maí sl.

IV.

Með skýrslum þeim, sem raktar hafa verið, verður að telja sannað, að af hálfu fulltrúa skipafélaganna hafi á fyrsta samningafundi málsaðilja hinn 26. janúar þ. á. verið spurzt fyrir um það, þegar rætt var um afstöðu og samstöðu farmannafélaganna við væntanlega samningsgerð, hvernig hátt að yrði atkvæðagreiðslu í stéttarfélögunum um endanlega kjarasamninga, enda gat það skipt miklu máli við samningsgerðina, þar sem hér var um fjögur stéttarfélög að ræða, en sérstakur kjarasamningur við hvert þeirra. Þá er það einnig ljóst og sannað, að fulltrúar skipafélaganna hafi fengið þau svör af hálfu fulltrúa farmanna, að atkvæðagreiðsla um kjarasamningana yrði sameiginleg fyrir öll félögin, en fram hafði komið á þessum fyrsta umræðufundi, að fulltrúar farmanna hefðu ekki fullt og endanlegt umboð til að skuldbinda félög sín. Var það eðlilegt og nærtækt, að fulltrúar farmanna létu þessar upplýsingar í té í þetta sinn, því þenna sama dag gerðu fyrirsvarsmenn þeirra ítarlegan samning um samstöðu í kjaradeilu þeirri, er framundan var. Geymdi sá samningur m. a. skýr ákvæði um það, hvernig hin sameiginlega atkvæðagreiðsla skyldi fara fram.

Samkvæmt þessum upplýsingum máttu fulltrúar skipafélaganna treysta því, að heildarniðurstöðutölur í atkvæðagreiðslu allra farmannafélaganna yrðu látnar ráða úrslitum, er kjarasamningar yrðu að lokinni samningsgerð bornir undir atkvæði farmanna, enda er fullyrt af þeirra hálfu og rökstutt að ýmsu leyti, að vitneskjan um sameiginlega atkvæða-

greiðslu hafi haft áhrif á afstöðu þeirra við samningsgerð. Skiptir það ekki máli í þessu sambandi, gagnvart fulltrúum skipafélaganna, hvað ákvæði samþykkt Stýrimannafélags Íslands segja um heimild félagsins til þeirrar samstöðu farmannafélaganna, sem samningur þeirra frá 26. janúar gerir ráð fyrir. Hins vegar er beinlínis gert ráð fyrir slíkri samstöðu í 2. mgr. 30. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur.

Agreiningslaust er, að atkvæðagreiðslan kom aðeins til umræðu á fyrsta samningafundinum, og aðiljar eru samsaga um það, að ekki hafi verið á hana minnst á síðari fundunum. Hún kom ekki heldur til umræðu milli fulltrúa stéttarfélaganna, að þeirra sögn, fyrr en 10. apríl, daginn áður en kjarasamningarnir voru undirritaðir. Þann dag kom formaður stýrimannafélagsins fram með þá ósk, að atkvæðagreiðslan yrði ekki sameiginleg. Þessa ósk samþykktu formenn hinna félaganna, en ekki er sannað, að fulltrúar skipafélaganna hafi fyrir undirritun kjarasamninganna hinn 11. apríl fengið vitneskju um hina breyttu afstöðu viðsemjenda sinna og hafa sumir þeirra fullyrt, að þeir hafi ekki um hana vitað fyrr en eftir atkvæðagreiðsluna í stýrimannafélaginu, en henni lauk 21. apríl sl.

Að þessu öllu athuguðu verður að telja, að fulltrúar skipafélaganna hafi við undirritun kjarasamninganna hinn 11. apríl sl. mátt byggja á því, að samanlagðar atkvæðatölur viðsemjenda þeirra, farmannafélaganna fjögurra, við atkvæðagreiðslu um kjarasamningana, yrðu lagðar til grundvallar.

Agreiningslaust er, að heildaratkvæðatölur voru þær, eins og þegar hefur verið greint, að 74 guldu kjarasamningunum jáyrði, en 56 höfnuðu þeim, en 1 seðill var ógildur. Auk þess samþykkti trúnaðarmannaráð Félags bryta samningana vegna þess stéttarfélags.

Samkvæmt þessu verða úrslit máls þessa þau, að dæmt verður, að með undirritun oftnefndra samninga 11. apríl sl., eftirfarandi atkvæðagreiðslum í fyrrgreindum stéttarfélögum farmanna og staðfestingu stefnanda á þeim hafi stofnast bindandi kjarasamningur milli málsaðilja.

Var verkfall það, sem stefndi hóf hinn 25. maí sl., en frestað

var 29. sama mánaðar, því ólögmeitt gagnvart stefnanda máls þessa.

Rétt þykir eftir atvikum, að málskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð :

1. Samningur sá, sem undirritaður var af aðiljum máls þessa hinn 11. apríl 1972, er gildur og bindandi kjarasamningur milli Sambands íslenzkra samvinnufélaga — skipadeildar — og Stýrimannafélags Íslands.
2. Verkfall það, sem Stýrimannafélag Íslands hóf hinn 25. maí en frestað var 29. s. m., er ólögmeitt. Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 5. júní 1972.

Nr. 1/1972. **Vinnuveitendasamband Íslands vegna H/f Eimskipafélags Íslands, Skipaútgerðar ríkisins, Jökla h/f, Hafskips h/f og Eimskipafélags Reykjavíkur h/f**
(Hafsteinn Baldvinsson hrl.)
gegn
Stýrimannafélagi Íslands
(Jón Þorsteinsson hdl.).

Dómarar:

Hákon Guðmundsson, Gunnlaugur E. Briem, Einar Arnalds.
Árni Guðjónsson og Guðmundur Vignir Jósefsson.

Kjarasamningur talinn hafa stofnast. Verkfall dæmt ólögmeitt.

Dómur.

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu, dags. 26. maí sl., af Vinnuveitendasambandi Íslands vegna H/f Eimskipafélags Íslands, Skipaútgerðar ríkisins, Jökla h/f, Haf-